

## Svar

### matvælaráðherra við fyrirspurn frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni um útgerðarfélög.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu mörg útgerðarfélög hafa verið leyst upp, seld eða sameinuð öðrum félögum undanfarinn áratug, flokkað eftir árum?*

Matvælaráðuneytið hefur ekki yfir að ráða skrá varðandi stofnun og/eða kaup og sölu útgerðarfélaga. Ráðuneytið leitaði upplýsinga hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og fylgir hér svar fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra.

Fyrirtækjaskrá Skattsins hefur ekki upplýsingar um kaup og sölu félaga en hefur tekið út upplýsingar um afskráningu félaga í viðeigandi atvinnugreinaflokkum. Skoðaðir voru atvinnugreinaflokkarnir 03.11.1 – útgerð smábáta og 03.11.2 – útgerð fiskiskipa.

Á síðasta áratug hafa samtals 414 félög í þessum atvinnugreinaflokkum verið afskráð og þar af hafa 124 félög verið afskráð með samruna.

Slit og afskráning félaga í atvinnugreinaflokkum 03.11.1 og 03.11.2 flokkað eftir árum:

Afskráð félög	
2012	28
2013	36
2014	27
2015	22
2016	23
2017	20
2018	30
2019	19
2020	29
2021	45
2022	11
<b>Samtals</b>	<b>290</b>

Slit og afskráning félaga vegna samruna í atvinnugreinaflokkum 03.11.1 og 03.11.2 flokkað eftir árum:

**Afskráð vegna samruna**

2012	12
2013	8
2014	10
2015	12
2016	22
2017	10
2018	5
2019	17
2020	13
2021	12
2022	3
<b>Samtals</b>	<b>124</b>